

**579. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
Þriðjudaginn 26. október 2021
og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓP), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

AUKAFUNDUR

Bjarnveig Guðbrandsdóttir tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað.

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 579 lögmætan.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2022-2025 - 2108058

Tillaga sveitastjóra að fjárhagsáætlun 2022-2025 til fyrri umræðu lögð fram. Jafnframt lögð fram tillaga sveitarstjóra um að útsvarshlutfall ársins 2022 verði óbreytt eða 14,52%.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að útsvarshlutfall ársins 2022 verði 14,52%.

Fjárhagsáætlun er vísað til síðari umræðu í sveitarstjórn og til vinnufunda sveitarstjórnar á milli umræðna.

2. Húsnæðissjálfs eignarstofnun á landsbyggðinni - 2110187

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 30.09.2021 varðandi húsnæðissjálfs eignarstofnun á landsbyggðinni ásamt fylgigögnum.

Sveitarstjórn lýsir yfir áhuga á að taka þátt í frekari umræðum um stofnun húsnæðissjálfs eignarstofnunar á landsbyggðinni.

3. Atvinnu- og hafnarnefnd - 30 - 2110003F

Fundargerð 30. fundar Atvinnu- og hafnarnefndar sem fór fram 21.10.2021.

Fundargerðin er staðfest.

Afgreiðslu á breytingu á deiliskipulagi Tálknafjarðarhafnar er frestað þar til umfjöllun Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar liggur fyrir.

3.1 2106247 - Vatnslögn frá Tunguvirkjun inn á Hvítalæk

3.2 2009255 - Breyting á deiliskipulagi Tálknafjarðarhafnar

3.3 2110201 - Starfsmannamál Tálknafjarðarhafnar

3.4 2108057 - Fiskeldissjóður 2021

4. Reikningsskila- og upplýsinganefnd - 2103142

Erindi frá Samgöngu- og sveitarstjóraráðuneytinu dags. 11.10.2021 varðandi breytingu á reglugerð 1212/2015 vegna reikningsskila sveitarfélaga.

Lagt fram.

5. Ágóðahlutagreiðsla 2021 - 2110222

Erindi frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands dags. 22.10.2021 varðandi ágóðahlutagreiðslu 2021. Fram kemur að hlutdeild Tálknafjarðarhrepps í Samegnarsjóði EBÍ er 0,372% og hlutur sveitarfélagsins af 90 milljón króna greiðslu verður kr. 334.800,-

Lagt fram.

6. Fundargerðir samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps - 2008190

Fundargerð 61. fundar Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 13.10.2021.

Lagt fram.

7. Fundargerðir 2021 Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða - 2103024

Fundargerð 135. fundar Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis sem fór fram 21.10.2021 ásamt fylgigögnum.

Lagt fram.

Gögn vegna fjárhagsáætlunar HEVF er vísað til fjárhagsáætlunargerðar.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00.

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG)

Guðni Ólafsson (GÓ)

Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓÞ)

Björgvin Smári Haraldsson (BSH)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)